

Aðalfundur fyrir árið 2002

Skýrsla stjórnar.

Skagafjarðarveitur ehf. voru stofnaðar 23. apríl 2002 er Sveitarfélagið Skagafjörður leysti út stóran hlut sinn í Hitaveitu Skagafjarðar og Skagafjarðarveitur yfirtóku skuldir að upphæð um 200 milljónir króna af Sveitarfélaginu við stofnun félagsins.

Í fyrstu stjórn Skagafjarðarveitna voru kjörnir Snorri Styrkársson formaður, Einar Gíslason og Árni Egilsson. Efir sveitarstjórnakosningar í maí 2002 kom Gísli Árnason inn í stjórnina í stað Snorra Styrkársson og Árni Egilsson var kjörinn formaður. Haldnir voru 12 stjórnarfundir á árinu.

Unnið var eftir þeirri fjárhagsáætlun sem samþykkt var fyrir Hitaveitu Skagafjarðar og stóðst áætlunin í megin dráttum, nema hvað afskrifað hlutafé vegna gjaldþrots Máka hf. setti strik í reikninginn og einnig varð að afskrifa orkuskuldir þess fyrirtækis ásamt skuldum Loðskinns hf eftir gjaldþrot.

Tekjur urðu töluvert hærrí en gert var ráð fyrir vegna gengishagnaðar og tekjur fyrir desember 2002 voru reiknaðar með að þessu sinni vegna skipulagsbreytinga við innheimtu sem gerðar voru á sl. ári. Hagnaður ársins fyrir fjármagnsliði var um 15 milljónir.

Í september 2002 var gert formlegt samkomulag við Sveitarfélagið Skagafjörð um rekstur Vatnsveitu Skagafjarðar, en Alþingi hefur ekki afgreitt frá sér frumvarp vegna breytinga á Vatnsveitulögum um að það megi breyta vatnsveitum í hlutafélög.

Gert er ráð fyrir því að sameina Vatnsveitu Skagafjarðar Skagafjarðarveitum eftir samþykkt þessar laga.

Helstu framkvæmdir við Vatnsveituna voru endurnýjun dreifikerfis í Varmahlíð fyrir tæpar 5 milljónir og á Hofsósi um 1.5 milljónir. Einnig var unnið við nýlagnir í Forsæti. Unnið var við virkjanir og tank við Varmahlíð fyrir rúmar 2 milljónir og er vatnsveitan í Varmahlíð nú komin í allgott lag. Einnig var unnið við virkjun við Álfgaersvelli vegna Steinsstaðahverfisins.

Á vegum hitaveitu var unnið fyrir um 9 milljónir vegna endurnýjunar á dreifikerfinu í Varmahlíð og fyrir um milljón í Steinsstaðahverfinu, einnig var unnið við nýlagnir í Forsæti á Sauðárkróki. Unnið var við dælustöðvar á Eyri á Sauðárkróki, Melsgili, Varmahlíð og á Steinsstöðum fóru á milli 6 og 7 milljónir í þær framkvæmdir.

Í rannsóknir og borun við Kýrholt fóru rúmar 9 milljónir, en þær framkvæmdir eru styrktar af Jarðhitaleit á köldum svæðum og lán fæst frá Orkusjóði. Ef árangur verður sá sem vonast er eftir, þ.e. að hægt verði að leggja heitt vatn út í Hofsós, þá mun þessi borun kosta Skagafjarðarveitur 25 milljónir, en ef ekki næst tilskilinn árangur þá verður kostnaður Skagafjarðarveitna um 5 milljónir.

Það er mikilvægt í þessu sambandi að Alþingi samþykki á næsta þingi að auka styrki vegna stofnkostnaðar nýrra hitaveitna sem nú nemur 5 ára niðurgreiðslum rafhitunar húsa svæðanna, í 10 ár, þannig að grundvöllur skapist til áframhaldandi stækkunar hitaveitukerfa í sveitum.

Stjórn og stjórnarmenn Skagafjarðarveitna hafa lagt töluverða vinnu í að kynna þetta mál, meðal annars fundað með iðnaðarnefnd, farið á fund iðnaðarráðherra og kynnt málið fyrir Alþingismönnum við ýmis tækifæri. En betur má ef duga skal og er brýnt að þessu máli verði haldið vel vakandi á

næstunni. Stjórnin telur það einsýnt, að komi ekki til aukin styrkveiting til stofnkostnaðar þá verði ekki hægt að fara út í hitaveituframkvæmdir í Sæmundarhlíð og út að austan.

Í lok ársins fundaði stjórnin með hreppsnefnd Akrahrepps að ósk þeirra, um möguleika á að leggja hitaveitu í Akrahreppi. Í framhaldi fundarins samþykkti stjórnin að fá nýja úttekt á kostnaði við lagningu hitaveitu í Akrahreppi og í framhaldi að gera rekstralega úttekt á hitaveitunni. Þetta mál er enn í vinnslu. Eins og fram hefur komið þá bíða kostnaðarsöm verkefni Skagafjarðaveitna, en þau eru spennandi og heilladrjúg fyrir allt samfélagið hér í Skagafirði og í náginni framtíð þarf að huga að því hvort ekki sé hægt að hitaveituvæða nær allan Skagafjörð.

Árni Egilsson formaður stjórnar
Páll Pálsson framkvæmdastjóri

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.